

## Hrönn Jónsdóttir

---

**From:** Ragnheiður Gló <ragnheidur@fornleif.is>  
**Sent:** föstudagur, 9. september 2022 09:13  
**To:** Haraldur Þór Jónsson  
**Subject:** Fornleifarannókn í Reykholt, Þjórsárdal.

Sæll,

Þú færð aldrei frið frá mér þetta sumarið. En nú er svo komið að Magnús Orri Schram hefur beðið Fornleifastofnun Íslands, fyrir hönd Rauðukamba, um heildaruppgröft á bæjarstæði Reykholt í Þjórsárdal. Fyrirhugað hótél mun verða nærri bæjarstæðinu, ágangur mikill og minjarnar þola það illa. Rannsóknin verður gerð í samráði við Minjavörð Suðurlands.

Skv. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998 þarf leyfi forsætisráðuneytisins til að nýta vatns- og jarðhitaréttindi, vindorku, námur og önnur jarðefni innan þjóðlendu. Öll önnur nýting innan þjóðlendu er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar skv. 3. mgr. 3. gr. þessara sömu laga. Skv. þessu þarf því leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar til þessarar rannsóknar.

Hér með sæki ég um formlegt leyfi til fornleifarannsókna í Reykholti og vona að það verði tekið fyrir á næsta sveitastjórnarfund. Fyrirhugað er að forkönnun fari fram í haust en heildaruppgröftur næsta sumar. Ég er því að sækja um leyfi til stuttrar rannsóknar nú í haust og stærri rannsóknar næsta sumar.

Fh. Fornleifastofnunar Íslands,

Ragnheiður Gló Gylfadóttir